



# REGLUGERÐ UM ÍSLANDSMÓT Í HOLUKEPPNI KARLA OG KVENNA

## 1. kafli

### 1. gr.

GSÍ gengst árlega fyrir Íslandsmóti í holukeppni karla og kvenna.

### 2. gr.

Stjórn GSÍ skal auglýsa mótið og hafa yfirumsjón með framkvæmd þess. Stjórn GSÍ skal skipa mótsstjórn í samráði við viðkomandi klúbba a.m.k. einum mánuði fyrir mótið. Stjórn GSÍ skal skipa a.m.k. einn dómara á hvern keppnisvöll. Viðkomandi klúbbur skal leggja dómurum og mótsstjórn til golfbíla, talstöðvar eða önnur fjarskiptatæki og sjá um kostnað vegna mótsstjórnar og dómara. Skipaður yfirdómari skal hafa alþjóðleg dómara réttindi.

### 3. gr.

Stjórn GSÍ ákveður þáttökugjöld og sér sá klúbbur um innheimtu sem heldur mótið á hverjum tíma. Þáttökugjald rennur til þess klúbbs er heldur mótið. GSÍ á allan rétt gagnvart ljósvakamiðlun frá Íslandsmóti. Sá klúbbur sem heldur mótið á hverjum tíma skal útvega fjölmiðlum viðeigandi aðstöðu í klúbbhúsi. Stjórn GSÍ hefur rétt til að kynna samstarfsaðila sína á þeim golfvöllum sem Íslandsmót fer fram, í formi skilta, með fánum eða öðrum þeim hætti sem stjórn GSÍ ákveður. Þá skal merki GSÍ ávallt koma fram á öllu því efni sem útgefið er í sambandi við Íslandsmót og jafnframt vörumerki þeirra aðila sem eru samstarfsaðilar GSÍ að mótinu.

### 4. gr.

Mótsstjórn ákveður skráningarfrest, en getur þó framlengt skráningarfrest hafi hámarksfjölda leikmanna ekki verið náð. Leikmenn sem voru skráðir við lok fyrri skráningarfrests skulu þá hafa forgang varðandi þáttöku gagnvart þeim sem eru skráðir síðar.

Verði umfram skráning skulu umfram leikmenn, sbr. röðun í 7. grein, skráðir á biðlista. Leikmönnum á biðlista skal boðin þátttaka verði forföll fram að 1. umferð mótsins.

### 5. gr.

Almennir keppnisskilmálar og almennar staðarreglur, sem stjórn GSÍ setur, skulu gilda í mótinu. Mótsstjórn getur þó auglýst viðbætur og frávik ef þörf krefur. Jafnframt skal hún hafa eftirlit með merkingum vallar og holustaðsetningum og getur ákveðið breytingar. Þá getur mótsstjórn ákveðið að fresta umferð eða umferðum vegna veðurs. Staðarreglur og keppnisskilmálar skulu vera fyrir hendi þegar á fyrsta æfingadegi.

### 6. gr.

Þáttökugjöld skulu greidd við skráningu. Þáttökugjald fæst einungis endurgreitt séu forföll boðuð eigi síðar en kl. 18:00, þremur dögum fyrir fyrsta keppnisdag.



## 2. kafli

### 7. gr.

Þátttökurétt hafa (a) íslenskir ríkisborgarar og (b) erlendir kylfingar eftir a.m.k. þriggja ára samfellda búsetu hérlandis. Í karlaflokki er hámarksförgjöf 5,5 og í kvennaflokki 8,5. Hámarksförgjöf miðast við förgjöf þátttakanda kl. 8:00 morguninn eftir að skráningarfresti lýkur. Þátttakendur skulu vera félagar í golfklúbbi innan vébanda GSÍ.

Keppt er í flokki karla og kvenna. Keppendur eru 42 í hvorum flokki. Þátttökurétt í hvorum flokki hafa:

1. Ríkjandi Íslandsmeistari í holukeppni.
2. Þrír efstu Íslendingar á heimslista atvinnumanna ([www.owgr.com](http://www.owgr.com)) kl. 8:00 morguninn eftir að lokaskráningarfresti lýkur.
3. Þrír efstu Íslendingar á heimslista áhugamanna ([www.wagr.com](http://www.wagr.com)) kl. 8:00 morguninn eftir að lokaskráningarfresti lýkur.
4. Stigahæstu kylfingar á stigamótaröðinni, þar til 32 þátttakendum er náð. Stig reiknast þannig að við stig ársins bætast stig frá síðasta ári, frá og með fyrsta stigamóti eftir Íslandsmótið í holukeppni, þ.e. síðasta Íslandsmót í holukeppni telur ekki í stigafjöldanum.
5. Forgjafarlægstu kylfingarnir sem eru skráðir til leiks eftir að skráningarfresti lýkur, þar til hámarksfjöldi er náð.

Ákveði einhverjir kylfingar sem eiga þátttökurétt að nýta hann ekki færast kylfingar upp um sæti sem því nemur og þeim næstu er boðinn þátttökuréttur. Séu kylfingar jafnir í sæti á stigamótaröðinni, sbr. lið 4, telst sá ofar sem ofar varð í Íslandsmótinu í golfi. Séu kylfingar enn jafnir, telst sá ofar sem náð hefur efra sæti á öðrum stigamótum. Séu kylfingar þá enn jafnir ræður hlutkesti. Séu kylfingar með jafnháa förgjöf sbr. 5 lið hér að ofan ræður hlutkesti. Miðað er við förgjöf þátttakenda kl. 8:00 morguninn eftir að skráningarfresti lýkur.

Verði ekki full skráning í annan flokkinn skal fjölgað í hinum flokknum sem því nemur.

Mótsstjórn er heimilt að halda undankeppni um fjögur síðustu sætin í hvorum flokki ef umframskráning verður í viðkomandi flokki sem nemur a.m.k. sex sætum. Þátttaka í slíkri undankeppni skal bundin við þá leikmenn sem standast forgjafarmörk og hafa skráð sig til keppni innan tilskilins skráningarfrests. Undankeppnin er 18 holu högggleikur án forgjafar. Mótsstjórn ákveður leikstað og -tíma og setur nánari reglur, t.d. um lágmarksfjölda þátttakenda. Verði leikmenn jafnir skal leika bráðabana um fjögur efstu sætin. Ákvörðun um hvort slík undankeppni verði haldin (ef næg umframskráning verður) skal liggja fyrir a.m.k. sólarhring áður en skráningarfrestur í Íslandsmótið rennur út. Þátttakendur í undankeppninni skulu hafa forgang varðandi þátttöku í Íslandsmótinu umfram þá sem ekki taka þátt. Sé undankeppni auglýst en henni aflýst (t.d. ef lágmarksfjöldi þátttakenda er ekki náð) skulu leikmenn sem skráðu sig í undankeppnina hafa forgang varðandi þátttöku í Íslandsmótinu umfram þá sem ekki skráðu sig.



### **8. gr.**

Skyllt er að keppnisvöllur sé opinn til æfinga fyrir skráða keppendur í minnst 2 daga fyrir mót. Heimilt er mótisstjórn að takmarka æfingu við eina umferð og skipuleggja rástíma ef með þarf.

### **9. gr**

Í fyrri hluta Íslandsmótsins er leikinn 36 holu höggleikur án forgjafar, þar sem sextán efstu keppendur í hvorum flokki komast áfram í útsláttarkeppni. Ef keppendur eru jafnir skal skor á síðustu 18 holunum. Ef keppendur eru enn jafnir skal skor á síðustu 9 holum vallarins ráða (holur 10-18), svo síðustu 6 holum vallarins (holur 13-18), síðan síðustu 3 holum vallarins (16-18) og að lokum skor á 18. holu. Séu keppendur þá enn jafnir skal hlutkesti ráða röðun.

Að höggleik loknum eru leiknar fjórar umferðir í holukeppni:

1. umferð: 16 manna holukeppni.
2. umferð: 8 manna holukeppni þeirra sem áfram komast.
3. umferð: Undanúrslit, 4 manna holukeppni þeirra sem áfram komast.
4. umferð: Úrslit, leikur um 3. sæti og úrslitaleikur.

Röðun keppenda í leiki og á rástíma er samkvæmt viðauka I.

### **10. gr.**

Mótisstjórn ákveður rástíma og leikröð keppenda og skal hún auglýst ekki síðar en á fyrsta æfingadegi.

### **11. gr.**

Hljóti keppandi frávísunarvíti í einhverri umferð holukeppninnar tekur vítið einungis til viðkomandi umferðar, nema mótisstjórn ákveði annað.

### **12. gr.**

Sigurvegarar hljóta titlana Íslandsmeistari karla og Íslandsmeistari kvenna í holukeppni.

### **13. gr.**

Stigagjöf vegna Íslandsmóts í holukeppni fer eftir reglugerð um stigamót.

### **14. gr.**

Að öðru leyti gilda móta- og keppendareglur GSÍ.

*Þannig samþykkt af stjórn GSÍ 20. mars 2023.*



## VIÐAUKI I

### Röðun í 16 manna úrslitum

Leikur	Sæti leikmanns eftir höggleik	Sæti leikmanns eftir höggleik
1	1	16
2	2	15
3	3	14
4	4	13
5	5	12
6	6	11
7	7	10
8	8	9

### Röðun í 8 manna úrslitum

Leikur	Sigurvegari í leik í 16 manna úrslitum	Sigurvegari í leik í 16 manna úrslitum
1	1	8
2	2	7
3	3	6
4	4	5

### Röðun í undanúrslitum

Leikur	Sigurvegari í leik í 8 manna úrslitum	Sigurvegari í leik í 8 manna úrslitum
1	1	4
2	2	3

